

verða hans var, svo hann yrði rekinn ofan úr vagninum aftur, en það leið dálítill stund, án þess nokkur virtist verða var við hann. Hann áleit sig úr allri hættu, en þá kom ein af greinunum við vagninn.

"Stöðvaðu vagninn, ökumaður", kallaði hranaleg rödd úr vagninum, sem nam staðar undir eins. Litli drengurinn skalf af ótta, hann vantaði snarræði til að stökkva ofan og hlaupa burt.

"Það setur einhver aftan á vagninum", sagði hranalega röddin. Líttu eftir hver það er, Jóhann".

Þjónn, sem sat við hlið ökumannsins, stökk ofan og gekk til píltsins, sem orðinn var máttlaus af hræðslu. Þjónninn greip í handlegg hans og kipti honum ofan úr sætinu, en um leið og vöndullinn datt, slitnaði snærið, svo kvistirnir dreifðust um veginn. Grátandi laut drengurinn miður til að tína saman eldiviðinn, en þjónninn varnaði honum þess, tók í handlegg hans aftur og dró hann að vagndyrunum.

"Hr. barún", sagði hann, "það er lítill betlarastrákur, sem sat aftan á vagninum. Hér er hann".

Vagninum var lokið upp, og hræddi drengurinn leit snöggvast inn í hann. Af því að dimt var, gat hann ekki séð andlit þeirra, sem þar sátu, en hann tók þó eftir, að þar sat karlmaður og kvenmaður með lítið barn í kjöltu sinni, og á aftara sætinu sat drengur, á að gizka 6 ára, og við hlið hans hávaxinn karlmaður í dökkri kápu.

Hinn fyrnefndi maður stakk höfðinu út um gluggann, tók harðneskjulega í handlegg drengsins, hristi hann og sagði:

"Ég skal kenna þér, litli þjófsunginn þinn, að skriða í óleyfi upp í vagn okunnugs fólks. Hvar hefirðu lært slík þorparabrögð?"

"Æ, góði herra", sagði drengurinn grátandi, "ég er ekki þjófsungi, ég er fátækur drengur, og var á leiðinni heim með eldavið handa móður minni, sem